

Auglýsing frá ríkisstjórninni í 50. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, 130
um umferðahöft vegna hernaðaraðgerða Breta. 3. sept.

Fyrir hernaðaraðgerðir Breta er umferð háð eftirliti á svæði við Kaldaðarnes í Árnassýslu, þar sem Bretar hafa komið upp flugvelli og hafa að öðru leyti bæki-stöðvar.

Verður óviðkomandi fólki ekki leyfður aðgangur að þessu svæði, en menn, sem eiga heimili á svæðinu eða þurfa að sinna þar samningsbundnum störfum, verða látnir fá sérstök skilríki hjá eftirlitsmönnum

Auglýsing frá ríkisstjórninni í 57. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, 131
um íslenzk skip, sem verða kunna fyrir hernaðarárásum. 7. okt.

Brezku hernaðaryfirvöldin hafa talið nauðsynlegt til varúðar að setja reglur því til varnar, að íslenzk skip, sem stödd eru úti fyrir ströndum Íslands eða í íslenzkum höfnum, yrðu fyrir árásum ef til hernaðaraðgerða kæmi milli ófriðaraðilja á sjó í námunda við strendur landsins.

Öll skip, þar á meðal litlir mótorbátar, sem ganga til fiskveiða, eru aðvöruð um, ef þau verða vör við hernaðaraðgerðir í nálægð sinni, hvort heldur skipsmenn sjá þessar aðgerðir eða verða þeirra áskynja með loftskeytatakjum sínum eða á annan hátt, þá verða þau að hegða sér eins og hér segir:

Skip í höfnum skulu halda kyrru fyrir og biða fyrirskipana frá brezkum sjóliðsforingja.

Skip, sem eru á sjó, verða að gera eitt af þrennu:

- a) sigla út á haf, svo að þau séu úr auglýsingu frá landi;
- b) kasta akkerum;
- c) nema staðar og stefna skipinu frá landi.

Aðvörun mun verða tilkynnt ef hægt er með fyrirskipuninni „STAND STILL“ (VERIÐ KYRRIR).

Sérhvert skip, sem nálgast land eftir slíka aðvörun, mun verða skoðað sem óvinaskip og verður ráðist á það.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll 132
af pergamentpappír. 15. okt.

Hér með er yður tjáð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefir ákveðið að fyrst um sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli hvítur pergamentapappír, sem vegur ekki minna en 40 g/m² og ekki meira en 75 g/m², tollast sem smjörpappír með 8% verðtolti en vera vörumagnstollsfrjáls.